
1947 nr. 15 12. mars

Forsetabréf um heimild íslenskra ríkisborgara til að bera erlend heiðursmerki

■ **1. gr.** Íslenskir ríkisborgarar, sem hér eftir kunna að verða

sæmdir erlendum heiðursmerkjum, skulu áður en eða jafnframt því að þeim berst heiðursmerkið í hendur, leita leyfis forseta Íslands til að veita því viðtöku og bera það.

■ **2. gr.** Umsóknir um slík leyfi skulu stílaðar til forsetans og sendar forsetaritara, sem annast fyrirgreiðslu þeirra.

ELDDRI ÚTGÁFA